

Stjórnarfundur Dvalarheimilis aldraðra – Hvamms

23.02.21

Mætt á TEAMS: Kristján Þór Magnússon, Arnór Benónýsson, Bylgja Steingrímsdóttir, Aðalsteinn J. Halldórsson, Jón Helgi Björnsson, Áslaug Halldórsdóttir, Ásgeir Böðvarsson og Sigurður Böðvarsson.
Fundur settur 14:10.

Fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar
Fundargerð síðasta fundar tekin fyrir og samþykkt samhljóða.
2. Rekstur (RAI stuðull og tekjuuppgjör 2020)
 - Jón Helgi og Áslaug fóru yfir uppfærslu á RAI mati og greiðslustuðlum á milli ára sem er Dvalarheimilinu óhagstæð.
Bókun: „Stjórn DA er afar ósátt við hvernig greiðslustuðull fyrir árin 2020 til 2021 kemur út fyrir Dvalarheimilið Hvamm þar sem þak er lagt á hækkun greiðslustuðulsins sem þýðir að dvalarheimilið mun ekki fá greitt til samræmis við raunverulegt mat á þeirri þjónustu sem þarf að veita samkvæmt RAI stuðli. Framkvæmdarstjóra og stjórnarformanni falið að hafa samband við Sjúkratryggingar Íslands vegna málsins og lýsa afdráttarlausri óánægju með þessa stöðu.“
 - Jón Helgi fór yfir nýtingu hjúkrunar- og dagvistarrýma hjá D.A. 2020 til janúar 2021 og hefur nýtingin verið mjög mikil sl. sex mánuði, þótt nýting dagvistarrýma í Stóru-Mörk gæti verið betri.
 - Framkvæmdastjóra falið að sækja um þrjú sérhæfð dagdvalarrými fyrir heilabilaða en sú þjónusta hefur ekki verið til staðar innan stofnunarinnar.
3. Uppfærð kostnaðaráætlun nýs hjúkrunarheimilis
Stjórnarformaður kynnti uppfærða kostnaðaráætlun fyrir nýtt hjúkrunarheimili á Húsavík. Eftir því sem vinna við undirbúning verkefnisins heldur áfram er kostnaðaráætlunin uppfærð með meiri nákvæmni. Enn er þó ófyrirséður kostnaður 20% áætlunarinnar sem þarf að skoða nánar m.t.t. þess á hvaða stað undirbúningur verkefnisins er. Heildarkostnaðaráætlun er núna 3,36 milljarðar.
4. Opinn fundur um uppbyggingu hjúkrunarheimilsins (haldinn rafrænt fimmtudaginn 25. Feb)
Stjórnarformaður fór yfir dagskrá fundarins sem fyrirhugaður er en það verður fjarfundur og verður opinn öllum.
5. Stóra-Mörk og reksturinn frá júní 2021
Jón Helgi fór yfir reksturinn á Stóru-Mörk síðustu misseri og þann rekstrarvanda sem þar er fyrir hendi en hann er áætlaður að verði 9,5 milljónir á árinu 2020. Búið er að vinna undirbúningsvinnu fyrir þá sviðsmynd að utanaðkomandi aðili geti mögulega tekið við rekstri á þeirri grunnþjónustu sem veitt hefur verið í húsinu, ásamt því að nýta sér aðstöðuna til matsölu, hvort heldur sem væri í húsinu eða til fyrirtækja í þorpinu, sum sé annara en einvörðungu þeirra sem sækja dagvist í Stóru-Mörk í dag. Stjórnarformanni falið að auglýsa eftir áhugasömum aðila til samstarfs um slíka lausn frá og með 1. júní 2021. Finnist ekki slíkur aðili er ljóst að reksturinn þarfnast frekari hagræðingaraðgerða og verður þá auglýst eftir starfsfólki til starfa til samræmis við þá þjónustu sem mögulegt verður að veita á staðnum. Formanni falið að gera grein fyrir framvindu málsins aftur á næsta fundi.

6. Afmæli Hvamms.

Hvammur á 40 ára afmæli á árinu. Ákveðið er að Bylgja, Kristján og Pétur Helgi muni hittast fram að næsta fundi stjórnar til að gera tillögu að dagskrá í tengslum við nýja uppbyggingu og afmæli Hvamms.

Fundi slitið 17:30